

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 184/2018

2021/EES/15/12

frá 21. september 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/291 frá 26. febrúar 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu bifentríni ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/296 frá 27. febrúar 2018 um að samþykkja ekki virka efnið kjarna úr risasúru í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/309 frá 1. mars 2018 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu própínebi, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽³⁾.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„– **32018 R 0291:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/291 frá 26. febrúar 2018 (Stjtið. ESB L 55, 27.2. 2018, bls. 30),

– **32018 R 0309:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/309 frá 1. mars 2018 (Stjtið. ESB L 60, 2.3.2018, bls. 16).“
2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzz (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/113):

„13zzzzzzzzo. **32018 R 0296:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/296 frá 27. febrúar 2018 um að samþykkja ekki virka efnið kjarna úr risasúru í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 56, 28.2.2018, bls. 31).

13zzzzzzzpz. **32018 R 0309:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/309 frá 1. mars 2018 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu própínebi, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 60, 2.3.2018, bls. 16).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 55, 27.2.2018, bls. 30.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 56, 28.2.2018, bls. 31.⁽³⁾ Stjtið. ESB L 60, 2.3.2018, bls. 16.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2018/291, (ESB) 2018/296 og (ESB) 2018/309, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.